

**14. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
19. maí 2015 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Starri Reynisson varamaður og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðiþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1412139 - Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2015**

*Svala Hreinsdóttir deildarstjóri kynnti rekstrarstöðu stofnana skóla- og frístundasviðs eins og staðan var fyrstu þrjá mánuði ársins. Stofnanir sviðsins eru innan áætlunar.*

**2. 1401209 - Stoðþjónusta skóla Akranesi - endurmat**

Að frumkvæði framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs í samvinnu við skólastjórnendur í grunnskólum Akraneskaupstaðar var í mars 2014 stofnaður stafshópur með fulltrúum beggja grunnskóla Akraneskaupstaðar, sérfræðiþjónustu skóla og verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs. Verkefni starfshópsins var að vinna að endurmati á stoðþjónustu skóla á Akranesi. Stoðþjónusta skóla snýr að sérdeild grunnskóla á Akranesi og stuðningi við nemendur með sérþarfir.

*Hrönn Ríkharðsdóttir og Magnús V. Benediktsson áheyrnarfulltrúar skólastjórnenda, Borghildur Birgisdóttir og Hjördís Dögg Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúar kennara mættu á fundinn kl. 16:45.*

*Svala Hreinsdóttir deildarstjóri kynnti niðurstöður starfshóps um endurmat á stoðþjónustu skóla í samvinnu við skólastjórnendur.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar starfshópi um endurmat á stoðþjónustu skóla fyrir vinnu sína og góðar tillögur til umbóta við stoðþjónustu.*

*Kristinn Hallur vék af fundi kl. 17:16 vegna vanhæfis.*

*Tillögur starfshópsins voru ræddar og sú þörf sem hefur skapast fyrir aukingu á stöðugildum fagaðila í Grundaskóla til að uppfylla lögbundnar skyldur skólans vegna nemenda með sérþarfir. Viðbótarþörf Grundaskóla fyrir fagaðila er 1.2 stöðugildi frá 1. ágúst 2015.*

*Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að samþykkja aukningu upp á 1 stöðugildi fagaðila við Grundaskóla frá 1. ágúst 2015 og að 20% stöðugildi til viðbótar verði vísað til fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016.*

**3. 1504154 - Vinnumat kennara 2015**

Kjarasamningi Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem samþykktur var vorið 2014 er ætlað að styrkja faglegt starf innan grunnskóla þar sem nám, kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu eru forgangsverkefni.

Með samningnum er leitast við að:

SI

1. Aðlaga vinnutímaákvæði kjarasamnings að breyttum áherslum í skólastarfi.
2. Færa útfærslur faglegs starfs skóla og kennara frá samningsaðilum til fagfólks í skólamálum.
3. Jafna vinnuálag milli kennara.
4. Móta nýja og bæta umgjörð um kennarastarfið.
5. Bæta launakjör kennara til framtíðar.

Lögð er áhersla á að auka möguleika skóla til að haga starfi sínu með breytilegum og sveigjanlegum hætti með það að markmiði að efla og styrkja nám og kennslu. Skólastjórnendur munu kynna hvernig staðan er í innleiðingu á nýju vinnumati í grunnskólum á Akranesi.

*Kristinn Hallur kom aftur til fundar kl. 17:24.*

*Skólastjórnendur fóru yfir stöðu við innleiðingu á nýju vinnumati í grunnskólum Akraneskaupstaðar. Skólastjórnendur munu sammælast um að samræma vinnutíma á milli skóla og að tilfallandi forföll og hádegisgæsla muni ekki lengja viðveru kennara.*

*Skóla- og frístundaráð tekur undir ofangreind sjónarmið skólastjórnenda.*

*Hrönn, Magnús, Borghildur og Hjördís viku af fundi kl. 18:00.*

#### 4. 1412007 - ÍA - leigu- og rekstrarsamningur

*Jón Þór Þórðarsson ípróttafulltrúi ÍA mætti á fundinn kl. 18:00.*

*Lokadrög að leigu- og rekstrarsamningi Akraneskaupstaðar og ÍA lögð fram og samþykkt af báðum aðilum.*

#### 5. 1504134 - Styrkir til íþrótt- og tómstundafélaga 2015

Umsóknir um styrki til íþrótt- og tómstundafélaga á Akranesi vegna þjálfunar og leiðsagnar barna og unglunga 3-18 ára fyrir árið 2015.

*Sigrún Guðnadóttir vék af fundi kl. 18:10 vegna vanhæfis. Farið var yfir styrkumsóknir íþrótt- og tómstundafélaga.*

*Svölu Hreinsdóttur er falið að afla frekari upplýsinga um einstaka styrkumsóknir. Afgreiðslu frestað til næsta fundar skóla- og frístundaráðs.*

#### 6. 1503232 - Styrkir vegna menningar-, íþrótt- og atvinnumála 2015

Umsóknir um styrk til menningar-, íþrótt- og atvinnumála 2015, síðari úthlutun.

*Jón Þór og Kristinn viku af fundi kl. 18:20 vegna vanhæfis. Farið var yfir styrkumsóknir og tillögur um úthlutun frá starfsmönnum skóla- og frístundasviðs. Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögurnar og vísar þeim til staðfestingar í bæjarráði.*

*Skóla- og frístundaráð leggur ennfremur til að úthlutunarreglur sjóðsins verði endurskoðaðar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:55.**

*Sigrún Guðnadóttir  
Rakel Óskarsdóttir  
Sigrún Inga Guðnadóttir*

*Kristinn H. Sveinsson  
Garri Reynisson  
Jón Þór Þórðarsson*